

3. desember 2019
kl. 8.15

Fundargerð Foreldraráðs Fífusala

Elva í forföllum Erlu boðaði foreldraráð á fund og var hann sjötti fundur ársins. Fundurinn var settur kl. 8.15.

Mætt voru Sigurlaug, Helgi, Þóra og Jóhanna. Erla Stefanía forfallaðist en Elva og Margrét deildarstjóri á Hlíð sátu fyrir hönd leiksskólans.

Elva fór yfir skýrslu BSI um aðalskoðun leiksvæði. Það voru gerðar fjölmargar athugasemdir sem farið var yfir. Baráttan heldur áfram við að fá nauðsynlegar lagfæringar í gegn sem fyrst en til stendur að endurnýja leiksvæðið af hálfu Kópavogsbæjar árið 2021. Í íbúakosningu verður hægt að kjósa um mjúkt undirlag á leiksvæðið sem er hluti af Betri Kópavogur verkefninu.

Elva fór yfir starfsmannamál en þau eru í nokkuð góðum málum eins og staðan er núna. Það vantar þó stuðning og er verið að skoða þau mál. Í Desember verður mikið um skólafólk en margir starfsmenn verða í fríi og að vinna upp eldri mál.

Einnig var rætt um Völuna en það eru nokkru praktísk atriði sem þarf að fínþússa t.d. með tilkynningar.

Það höfðu komið fram athugasemdir við útiveru og klæðnað á börnunum (regngallar vs. snjógallar) og var það rætt sérstaklega auk þess notkun á þurrskápnunum.

Fundi lauk kl. 8.40 og ákveðið að boðað yrði til næsta fundar með tölvupósti.

Fundargerð ritaði Helgi Már Jóseppson